Hverfisráð Vesturbæjar

Ár 2016, fimmtudaginn 15. september, var haldinn 148. fundur hverfisráðs Vesturbæjar. Fundurinn var haldinn í Þjónustumiðstöðvar Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða að Laugavegi 77 og hófst kl. 11.30. Viðstödd voru: Sverrir Bollason, Marta Guðjónsdóttir, Teitur Atlason og Rakel Dögg Óskarsdóttir áheyrnarfulltrúi. Áheyrnafulltrúi frá Íbúasamtökum Vesturbæjar var Guðmundur Albert Harðarson. Einnig sátu fundinn Sigþrúður Erla Arnardóttir, framkvæmdastjóri í Vesturgarði, og Hörður Heiðar Guðbjörnsson verkefnastjóri í Vesturgarði sem jafnframt ritaði fundargerðina.

Þetta gerðist:

1. Fram fer umræða um Hverfið mitt.
   Farið yfir þau verkefni sem bárust. Hverfisráð mun næstu daga skoða hugmyndirnar nánar og fara yfir þær á næsta fundi.

   Sonja Wiium verkefnastjóri verkefnisins tók sæti undir þessum lið ásamt því sem Þórólfur Jónsson og Róbert Eyjólfsson frá USK komu einnig.

2. Lagt fram bréf frá íbúum að Sólvallagötu.
   Samþykkt að senda erindi íbúa til byggingafulltrúa til skoðunar. Formanni falið að tala við forsvarsmenn Víðis um fyrirkomulag vörumóttöku.

3. Lögð fram svohljóðandi fyrirspurn frá Mörtu Guðjónsdóttur, fulltrúa Sjálfstæðisflokks.

   > Óskað er upplýsinga vegna framkvæmda við Suðurgötu sem hafa lokað götunni fyrir bílaumferð í nokkra mánuði. Hvenær er áætlað að opna fyrir bílaumferð aftur um götuna og hver er skýringin á þessari lokun í svona langan tíma?

   Vísað er í svar borgarráðs í ágúst sl.

4. Fram fer kynning á aðstöðu nýrrar Þjónustumiðstöðvar Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða.
   Fulltrúar hverfisráðsins kynntu sér ný húsakynni sameinaðar þjónustumiðstöðvar að Laugavegi 77, en Þjónustumiðstöð Vesturbæjar flutti þangað 5. september sl.

Fundi slitið kl. 13.00

Sverrir Bollason

Teitur Atlason Marta Guðjónsdóttir